

45. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Hagnaður sá, sem hinn brotlegi kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldris stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

46. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Ólafsvíkurkaupstað nr. 813, 28. desember 1983.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.

F. h. r.

Stefán Eiríksson.

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Hlíðarfjallsvegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að:

Tenging Ofanbyggðarveggar við Hlíðarfjallsveg færist til vesturs.

Vegtenging frá Hlíðarfjallsvegi að Lögmanshlíðarkirkju og hesthúsahverfi falli út en þess í stað kemur vegtenging við Ofanbyggðarveg.

Lega reiðleiðar breytist þannig að hún þverar Hlíðarfjallsveg vestar en áður var áformað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.